



Ísafirði 20. júní 20189
Efni: uppbyggingarsamningur
Frá: Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar (SÍ)

Við hjá Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar óskum eftir uppbyggingarsamningi við Ísafjarðarbæ um áframhaldandi uppbyggingu á innisvæði félagsins .

SÍ hefur áhuga á að byggja við inniaðstöðu félagsins við áhorfendastúkuna.
Þar sem við höfum notast við gáma fyrir aðstöðu og klósett.(sjá teikningu)

Við höfum áhuga á að byggja, í samstarfi við Ísafjarðarbæ, aðstöðu sem sameinar bæði aðstöðu fyrir SÍ og klósett sem almenningur getur notað þegar spilað er á knattspyrnuvöllinum, einnig mun verða pláss fyrir geymslu sem hægt væri að nota fyrir áhöld fótboltavallarins eða fyrir annað sem þörf er fyrir á svæðinu.

Þessi aðstaða yrði þá um það bil skipt til helminga þar sem Skotfélagið hefði aðstöðu og fótboltavöllurinn hefði klósett og geymslur.

Skotfélagið mun sjá um byggingu og frágang utanhúss og aðstöðu Skotfélagsins og Ísafjarðarbær myndi svo ráðstafa hinum hlutanum eftir þörfum, til dæmis klósettaðstöðu og geymslu eða hvað sem þörf er fyrir.

SÍ telur að gámar líkt og notast er við núna sé alls ekki framtíðarlausn og óskar því eftir að Ísafjarðarbær komi að þessari byggingu í samstarfi við félagið.

Hluti Skotíþróttafélagsins innan uppbyggingasamnings:

- Bygging viðbyggingar
- Frágangur utanhúss
- Frágangur hluta SÍ innanhúss

Hluti Ísafjarðarbæjar utan uppbyggingasamnings:

- Frágangur innanhúss í hluta sveitarfélagsins. Annaðhvort í samstarfi við SÍ eða eftir öðrum leiðum.

Kostnaðaráætlun:

Ísafjarðarbær	kr. 12.576.160
Skotíþróttafélag Ísafjarðarb.	kr. 13.258.800
Aðrir styrkir	<u>kr. 13.000.000</u>
Alls	<u>kr. 38.834.960</u>

Með kveðju

Fyrir hönd skotíþróttafélags Ísafjarðarbæjar
Valur Richter.